

sendandi:
Norðurlandsdeild Félags íslenskra sjúkabjálfara

Akureyri 8. janúar 2003

Umsögn um tillögu til þingsályktunar

128. löggjafarþing 2002 - 2003
Þskj. 28 – 28. mál.

Norðurlandsdeild Félags íslenskra sjúkraþjálfara (FÍSP) styður tillögu til þingsályktunar um frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Norðurlandsdeild FÍSP telur bráðnauðsynlegt að fjölga endurhæfingarrýmum á Kristnesi. Biðlisti eftir endurhæfingu er mjög langur og lengist með degi hverjum. Dvalartími sjúklinga á endurhæfingardeild er allt frá fjórum vikum og uppí nokkra mánuði þannig að miðað við núverandi fjölda rýma, annar deildin ekki þeirri þörf sem fyrir er. Biðtími eftir endurhæfingarrými er því mjög langur fyrir flesta sjúklinga sem er óásættanlegt. Það er þjóðhagslega óhagkvæmt auk þess sem endurhæfing verður oftast lengri fyrir vikið.

Mun hagkvæmara er fyrir þjóðfélagið að hafa endurhæfingarstarfsemi víðar um landið vegna ferðakostnaðar, kostnaðar vegna helgardvalar sjúklinga o.fl. Ennfremur er það mikill kostur fyrir sjúklinga að fá endurhæfingu í sinni heimabyggð nærri fjölskyldu sinni.

F.h. Norðurlandsdeildar FÍSP
Halldór Víglundsson
Jóhanna Katrin Kristjánsdóttir
Ósk Jórunn Árnadóttir
Steinunn A. Ólafsdóttir